



Fundargerð fræðslunefndar 12. ágúst 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd miðvikudaginn 12. ágúst, 2015
kl. 16:00 í Vopnafjarðarskóla.

Mættir: Fanney Hauksdóttir, Þorsteinn Halldórsson, Hafþór Róbertsson, Jón Haraldsson og Fjóla Valsdóttir.
Einnig komu á fundinn Margrét Arthúrsdóttir og skólastjóri, Aðalbjörn Björnsson

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál
Fundargerð síðasta fundar lesin upp. Hún var samþykkt samhljóða.

2. mál
Starfsmannaráðningar í Vopnafjarðarskóla veturinn 2015-16.

Aðalbjörn fór yfir málið.

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir er ráðin í fulla stöðu sem grunnskólakennari og þó að einn kennari hætti störfum gengur það upp með fækkun kennslustunda vegna meiri samkennslu.

Auglýst var oft og víða eftir íþróttakennara. Aðeins bárust tvær umsóknir frá fólki sem ekki talar íslensku og ekki var talið ráðlegt að ráða það fólk. Tvær umsóknir bárust frá leiðbeinendum. Voru þær kynntar fræðslunefnd sem studdi við ákvörðun skólastjórnenda um að Bjartur Aðalbjörnsson yrði ráðinn áfram í starf leiðbeinanda í íþróttum vegna reynslu síðasta árs.

Ingibjörg Ásta Jakobsdóttir er ráðin í starf aðstoðarmátráðs.

Birna Margrét Björnsdóttir er ráðin í starf skólaliða.

3. mál
Sérfræðipjónusta. Aðalbjörn fór yfir hvernig sérfræðipjónustu, vegna mismunandi þarfa nemenda verður háttað skólaárið 2015-16.

Skólaskrifstofa Austurlands veitir þessa þjónustu, en þetta er stofnun sem sveitarfélögin á Austurlandi reka sameiginlega. Þar er veitt sálfræðipjónusta (aðstoð), talmeinaþjónusta og ýmiskonar greiningar.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál og kom fram í máli fundarmanna að í mörgum tilfellum gengi allt of hægt að sinna þessum málum og löng bið væri í sumum málaflokkum.

4. mál
Aðalbjörn fer yfir kennslustundafjölda veturinn 2015-16.

Kennarastundir 2015 – 16

8 kennarar í 100 % stöðu – 208 stundir

3 kennara í 50 % stöðu - 39 stundir

1 kennari í 92 % stöðu - 24 stundir

2 stjórnendur í 100 % stöðu 17 stundir

Samtals 288 stundir

Þar af eru 10 stundir námsráðgjöf, 29 stundir vegna sérkennslu. Stöðugildi kennara eru 11.

Mikil aukning hefur orðið í samkennslu vegna fækkunar nemenda í bekkjum.

Samkennsla árganga:

1.-2. bekkur 21 tími (14 nem.)

3.-4. 15 tímar (16 nem.)

5.-6. 21 tími (20 nem.)

7.-8. 12 tímar (19 nem.)

9.-10. 14 tímar (18 nem.)

Önnur mál.

Spurt um byrjendalæsi. Byrjendalæsi verður áfram, unnið er með það í samráði við Háskólann á Akureyri í samstarfi með skólum á Austurlandi. Árangur er ekki ljós fyrir en eftir 3 ár. Mikil vinna fylgir þessu átaki, en

nemendur eru ánægðir. Einnig verða gerðar skimanir í lestri reglulega næsta vetur.

Spurt um Olweusaráætlun. Ekki var gerð könnun í fyrra sem á að vera árlega en vel er fylgst með eineltismálum í skólanum.

Framhaldsdeild kom til umræðu, það kom fram hjá Aðalbirni að engin formleg umsókn hafi komið en tveir hafi sýnt áhuga.

Aðalbjörn greindi frá því að gera þurfi breytingar á skólaakstri. Í stað eins bíls sem fari Vesturárdalinn og Ströndina þarf sitt hvorn bílinn vegna þess að Ljósaland hefur bæst við leiðina á Ströndinni. Aðilinn sem hefur séð um þessa leið hefur verið fenginn til að sinna þessu þangað til annað hefur verið ákveðið. Málið er í skoðun.

Aðalbjörn sagði frá því að áhugi sé á því í skólanum að hafa hafragraut í morgunmat eftir fyrsta tíma. Mjög margir skólar eru farnir að bjóða upp á þetta sem hefur góð áhrif á nemendur. Málið er í skoðun. Nefndarfólki líst vel á hugmyndina og hvatti til þess að tilraun yrði gerð með grautinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:50

Hafþór Róbertsson